

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 9. ágúst 2024
UST202406-255/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 - Brú

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Rangárþings eystra er barst 21. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 vegna stækkunar á verslunar- og þjónustusvæði og nýrrar frístundabyggðar í landi Brúar.

Í greinargerð kemur fram að bætt verður við nýrri frístundabyggð, 46 ha að stærð. Auk þess er VP13 stækkað úr 3 ha í 42,7 ha og landbúnaðarsvæði L1 og L2 minnka sem því nemur. Auk þess kemur fram í deiliskipulaginu að hótelið verði allt að 2.500 m² að stærð, fyrir um 85 gesti og í deiliskipulaginu fyrir frístundabyggðina er miðað við allt að 40 lóðir fyrir frístundahús og stærð þeirra verði á bilinu 8.800 til liðlega 11.500 m².

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir vatnstöku á grunnvatni og fráveitu frá frístundabyggð og frá ferðabjónustu þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerðunum. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla).

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.¹ Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála²). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Vistgerðir og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem að skipulagssvæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði er mikilvægt að meta áhrif tillögunnar á fuglalíf, búsvæði og fæðusvæði.

Í greinargerð aðalskipulags segir að samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna tún og akurlendi, língresis- og vingulsvist og auravist á skipulagssvæðinu. Svæðið er á suðurlandsundirlendi, sem NÍ skilgreinir sem mikilvægt fuglaverndarsvæði vegna mikils fuglalífs og mikilvægra varpsvæða.

Í greinargerð deiliskipulags segir að fuglalíf er fjölbreytt og verður leitast við að halda því þannig með að viðhalda gróðri og raka og með því að rækta skóg sem er góður griðastaður fyrir fugla.

Í greinargerð umhverfismats aðalskipulags segir að uppbygging kemur til með að hafa áhrif á fuglalíf á svæðinu, en hins vegar er ekki fjallað um áhrif tillögunnar á fuglalíf í deiliskipulaginu.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í skipulagsreglugerð segir að ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera

¹ [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

² [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

breytingar á deiliskipulagstillögunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert. Setja skal skilmála um vöktun áhrifa og um hvernig bregðast eigi við umhverfisvandamálum eftir því sem þörf er á.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri